



## Samningur um afnot af Chromebook fartölvu

Grunnskóli Fjallabyggðar og \_\_\_\_\_,

foreldri/forráðamaður, fyrir hönd \_\_\_\_\_, *nemanda*

í Grunnskóla Fjallabyggðar, gera með sér svohljóðandi samning um afnot

nemandans af Chromebook fartölvu.

1. Chromebook fartölvun sem samningur þessi tekur til er eign Grunnskóla Fjallabyggðar. Nemandinn hefur afnot af tækinu á starfstíma skóla, svo lengi sem nemandinn er skráður í Grunnskóla Fjallabyggðar.
2. Umsjónarmaður tölvukerfis hefur leyfi til þess að fylgjast með álagi á þráðlausu neti skólans og notkun/álagi hvers tækis. Grunnskóli Fjallabyggðar áskilur sér rétt til að innkalla tæki tímabundið vegna viðgerða eða þjónustu, til að hreinsa af því óæskileg gögn eða rekja mögulega misnotkun.
3. Nemandanum og foreldri/forráðamanni er afhent tækið til afnota að þessum samningi undirrituðum. Skólinn leggur til þau forrit sem þarf til þess að nota við fartölvuna í skólanum. Nemandi hefur ekki leyfi til þess að setja inn sín eigin forrit.
4. Nemendum í 8 - 10. bekk er heimilt að taka fartölvuna með sér heim að loknum skóladegi en mega einnig geyma hana í skólanum. Nemandi ber ábyrgð á að fartölvun sé hlaðin og tilbúin til notkunar hverju sinni.
5. Tækið skal eingöngu notað heima í námslegum tilgangi. Ef foreldrar/forráðamenn eða skóli meta það svo að nemandi eigi í erfiðleikum með að fylgja reglum skal fartölvun geymd í skólanum. Nemandinn og foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á meðferð og notkun tækisins meðan nemandinn hefur það til afnota. Nemandi skal gæta þess að fara vel með tækið og sýna ábyrgð í notkun þess.
6. Eitt hleðslutæki og umslag (lítil taska) er afhent með tækinu.
7. Undir engum kringumstæðum má nota tækið á ólöglegan hátt. Ekki má setja í það forrit sem eru stolin eða breyta stýrikerfi þess. Nemandi skal fara að reglum skóla sem og landslögum hvað varðar myndatökur, myndbirtingar og skal virða aldurstakmarkanir forrita og leikja.
8. Fartölvun er vinnutæki. Samfélagsmiðlaforrit eins og Snapchat, Instagram, Facebook o.fl. eru ekki leyfð í tækinu.

9. Ef tækið bilar eða skemmist, týnist eða því er stolið skal tilkynna það strax til skólans og útvegar Grunnskóli Fjallabyggðar nemandanum lánstæki (ef það er mögulegt) meðan viðgerð fer fram eða tapað tæki er endurheimt. Sé um vísitandi skemmdarverk að ræða skal nemandi bæta tækið.
10. Ef nemandi flytur í annað sveitarfélag og/eða hættir námi í Grunnskóla Fjallabyggðar skal hann skila tækinu til skólans.
11. Nemandi skal skila tækinu í skólalok og fær sama tæki aftur við upphaf nýs skólaárs.

Við undirritun samnings þessa lýsum við undirrituð því yfir að við höfum kynnt okkur efni samningsins og erum honum samþykkt.

Staður og dagsetning \_\_\_\_\_

Undirskrift og kennitala foreldris \_\_\_\_\_

Undirskrift og kennitala nemanda \_\_\_\_\_

Undirskrift umsjónarkennara f.h.

Grunnskóla Fjallabyggðar \_\_\_\_\_

Chromebook fartölva númer: \_\_\_\_\_